



Reykjavík, 9. desember 2024  
VEL24110084

Borgarráð

## **Samþykkt velferðarráðs um nýjan þjónustusamning við Vinnumálastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd**

Á fundi velferðarráðs þann 6. desember 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um nýjan þjónustusamning við Vinnumálastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd:

Lagt er til að velferðarráð veiti heimild til að undirrita þjónustusamning við Vinnumálastofnun þannig að velferðarsvið þjónusti allt að 300 umsækjendur um alþjóðlega vernd og útvegi húsnæði fyrir 150 af þeim umsækjendum. Samningurinn taki gildi frá og með 1. janúar 2025 og gildi til þriggja ára. Jafnframt er lagt til að heimild verði veitt til að undirrita viðauka sem framlengir fyrri samning milli sömu aðila til 31. desember 2024. Vinnumálastofnun greiðir allan kostnað vegna samningsins.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir þjónustusamning Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar til næstu þriggja ára. Í honum felst að Reykjavíkurborg mun þjónusta allt að 300 umsækjendur um alþjóðlega vernd og útvegi húsnæði fyrir 150 af þeim umsækjendum. Jafnframt samþykkir velferðarráð viðauka við fyrri samning til 31. desember 2024.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um nýjan þjónustusamning við Vinnumálastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd, lögð fram á fundi velferðarráðs 6. desember 2024, ásamt fylgiskjöllum.



**Reykjavík**



Reykjavík, 4. desember 2024

VEL24110084

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### **Efni: Nýr þjónustusamningur við Vinnumálastofnun vegna móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd**

Lagt er til að velferðarráð veiti heimild til að undirrita þjónustusamning við Vinnumálastofnun þannig að velferðarsvið þjónusti allt að 300 umsækjendur um alþjóðlega vernd og útvegi húsnæði fyrir 150 af þeim umsækjendum. Samningurinn taki gildi frá og með 1. janúar 2025 og gildi til þriggja ára. Jafnframt er lagt til að heimild verði veitt til að undirrita viðauka sem framlengir fyrri samning milli sömu aðila til 31. desember 2024. Vinnumálastofnun greiðir allan kostnað vegna samningsins.

#### **Greinargerð:**

Allt frá árinu 2014 hefur verið í gildi milli Reykjavíkurborgar og Vinnumálastofnunar (áður Útlendingastofnunar) samningur um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Þjónusta samkvæmt samningnum hefur falist í að útvega umsækjendum um alþjóðlega vernd nauðsynlega þjónustu, s.s. húsnæði, fæðis- og framfærslueyri, skólavist fyrir börn ásamt ýmissi annarri þjónustu á meðan umsókn þeirra um alþjóðlega vernd er til meðferðar hjá stjórnvöldum. Önnur þjónusta er t.d. aðstoð vegna heilbrigðistengdrar þjónustu, túlkþjónusta, ráðgjöf, samgöngukort o.fl. Alþjóðateymi Reykjavíkurborgar á Vesturmiðstöð annast nú framkvæmd samningsins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Gildandi samningur, sem tók gildi 1. janúar 2021, gilti upphaflega til 30. nóvember 2023 en var framlengdur til 31. maí á þessu ári á meðan Vinnumálastofnun vann að nýjum samningi, nokkuð breyttum.

Ný samningsdrög eru meðfylgjandi og felast breytingar aðallega í því að opnað er á þann möguleika að þjónustuveitandi geti veitt þjónustu án þess að útvega jafnframt húsnæði og betur er skilgreint hvað felst í þjónustunni. Þá er mikið af nýjum ákvæðum bætt í samninginn sem festa þó í flestum tilvikum í sessi þá framkvæmd sem þegar hefur verið við lýði fremur en að um nýmæli sé að ræða.

Í samningsdrögum þeim sem liggja til grundvallar hefur Reykjavíkurborg nýtt sér heimild til þjónustuveitingar án útvegunar húsnæðis en kveðið er á um í samningnum að húsnæði verði útvegað af Reykjavíkurborg fyrir 150 umsækjendur af þeim 300 sem samningurinn nær til. Vinnumálastofnun útvegar húsnæði fyrir hina 150. Fyrir þjónustu sem veitt er án húsnæðis greiðir Vinnumálastofnun daggjald að upphæð 6.619 kr. fyrir hvern einstakling. Fyrir hvern einstakling í húsnæði Reykjavíkurborgar greiðir Vinnumálastofnun daggjald að upphæð 10.139 kr. Þá er einnig greitt mánaðarlegt fastagjald á meðan samningurinn er í gildi, sbr. 4. gr. samningsins.



**Reykjavík**



Í 4. gr. er ítarlega kveðið á um hvað er innifalið í daggjaldi með húsnæðiskostnaði, án húsnæðiskostnaðar og fastagjaldi. Kostirnir við ítarlega skilgreiningu eru tvímælalaust betri fyrir sjáanleiki kostnaðar. Að sama skapi minnka hins vegar líkur á afgangi sem hægt er að færa milli kostnaðarliða eins og fyrirkomulag eldri samnings gerði og var afgangur iðulega nýttur til að greiða kostnað vegna leikskólagöngu barna umsækjenda um alþjóðlega vernd. Samkvæmt hinum nýja samningi er einungis gert ráð fyrir grunnskólagöngu barna í daggjaldi en ekki leikskóla eða frístund og ekki náðist inn það samningsmarkmið Reykjavíkurborgar. Þó er sérstaklega kveðið á um að ef barn þurfi mikinn stuðning til náms eða hafi miklar sérþarfir þá geti þjónustuaðili sent tilkynningu til VMST og unnt sé að gera sérstakt samkomulag um greiðslur vegna þess barns. Skóla- og frístundasvið annast áfram framkvæmd vegna skólagöngu barna samkvæmt samningnum. Eignaskrifstofa fjármála- og áhættustýringasviðs borgarinnar mun áfram annast umsýslu vegna húsnæðis fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Í samningnum er kveðið á um þær kröfur sem gerðar eru til húsnæðis og ábyrgð þjónustuaðilanna og er þar sett inn það nýmæli að ef fleiri en 50 umsækjendur dvelji í húsnæðinu í einu þá skuli þjónustuaðili tryggja viðveru starfsmanns eða umsjónarmanns fasteignar til að hafa eftirlit með umgengni í húsnæðinu. Reykjavíkurborg hefur hingað til ekki leigt húsnæði af þeirri stærðargráðu sem vísað er til og því reynir ekki á þetta ákvæði miðað við núverandi forsendur. Vinnumálastofnun hefur hins vegar slíkt húsnæði á sínum snærum og hefur fylgt þessari reglu við þjónustuveitingu.

Í 9. gr. samningsins eru ákvæði um réttindi umsækjenda og kröfur til þjónustunnar. Þar er m.a. er kveðið á um nýmæli, svokallaða „startpakka“ sem Vinnumálastofnun útvegar hverjum umsækjanda við komuna til landsins en hér er um að ræða allra helstu nauðsynjar utan matar. Nýbakaðar mæður og börn þeirra fá „fæðingarstartpakka“. Sjá nánar viðauka II með samningnum.

Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi til þriggja ára eða frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027. Í samningnum er heimild til að framlengja samninginn tvisvar sinnum til eins árs í senn. Unnt er að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Kostnaður vegna samningsins greiðist af Vinnumálastofnun í samræmi við ákvæði 4. gr. samningsins.

Upphaflega stóð til að nýr samningur tæki gildi 1. júní á þessu ári eða fljótlega eftir og stóð til að láta hinn nýja samning gilda afturvirkrt frá 1. júní. Hins vegar hefur undirbúningur nýs samnings dregist umfram þann tíma sem áætlaður var og fer því betur á að um réttarástandið frá 1. júní þar til nýr samningur tekur gildi fari eftir fyrri samningi, enda hefur honum verið fylgt áfram varðandi þjónustu og greiðslur milli aðila. Því er lagt til að heimild verði veitt til að samþykkja viðauka sem kveður á um framlengingu samningsins til 31. desember nk.

Fylgiskjöl:

Drög að þjónustusamningi milli Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar.

Drög að viðauka við samning Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar frá 30. apríl 2021.



Reykjavík

**Vinnumálastofnun, kt. 700594-2039, Grensásvegur 9, 108 Reykjavík, (hér eftir nefnd VMST) og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík (hér eftir nefndur þjónustuaðili) gera með sér svohljóðandi þjónustusamning:**

### **1.gr.**

#### **Gildissvið**

Samningur þessi tekur til þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd (hér eftir nefndir umsækjendur).

Sameiginlega er vísað til Vinnumálastofnunar (VMST) og þjónustuaðila sem samningsaðila. VMST tilnefnir tengilið hjá sér sem þjónustuaðili hefur samband við þegar þörf er á.

Samningurinn kveður á um skipan ábyrgðar milli samningsaðila og hvernig þjónustu við umsækjendur skuli hagað. Á samningstíma getur reynst nauðsynlegt að breyta samningi eða gera við hann viðauka þannig að dregið sé úr ákveðnum þáttum þjónustunnar eða þeir styrktir.

Um samning þennan gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015, lög um útlendinga nr. 80/2016 (hér eftir nefnd útlendingalög), reglugerð um útlendinga nr. 540/2017 (hér eftir nefnd reglugerðin) og lög um félagshjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

### **2. gr.**

#### **Markmið**

Markmið samningsins er að tryggja fullnægjandi lágmarksþjónustu, sbr. 6. gr. fyrir umsækjendur á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá íslenskum stjórnvöldum.

Þjónustuaðila ber að útfæra framkvæmd þjónustu á þann hátt sem skilvirkast og hagkvæmast er hverju sinni með það að markmiði að umsækjendur fái sem besta þjónustu.

### **3. gr.**

#### **Fjöldi umsækjenda í þjónustu**

Þjónustuaðili tekur að sér að veita allt að 300 umsækjendum þjónustu í senn og tekur þjónustuaðili við einstaklingum, fjölskyldum og pörum.

### **4. gr.**

#### **Fjármögnun samnings og greiðslur**

Samningurinn er fjármagnaður af fjárlagalið 07-325 Umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem er í umsjá VMST. Fjárhæðir í samningnum eru bæði með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og um að stjórnvöld kunni að ákveða að gera breytingar á þeim vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli samnings þessa greiðist annars vegar daggjald að upphæð 10.139 kr. á dag fyrir hvern umsækjanda í þjónustu þjónustuaðila með húsnæði en daggjald að upphæð 6.619 kr. fyrir hvern umsækjanda í þjónustu þjónustuaðila án húsnæðis. Einnig er greitt mánaðarlegt fastagjald að upphæð 9.310.086 kr. á meðan samningur þessi er í gildi og þjónustuaðili veitir þjónustu til umsækjenda.

Fjárhæðir daggjalds og fastagjalds eru háðar breytingu á neysliverðsvísitölu. Grunnvísitala miðast við vísitölu neysliverðs í september 2024 sem stendur í 632,3 stigum. Verði gerðar breytingar á kjarasamningum sem leiða til hækkunar launakostnaðar verður fastagjald tekið til endurskoðunar.

### *Fjárskuldbinding VMST vegna samningsins:*

Að lágmarki greiðir VMST daggjald fyrir 98 umsækjendur á dag þar sem þjónustuaðili sér um rekstur húsnæðis fyrir umsækjendur.

a. Árlega lágmarksfjárskuldbinding er 467.606.116 kr.

Lágmarksfjárskuldbinding miðast við 65% af daggjaldi fyrir 150 einstaklinga í þjónustu með húsnæði að meðaltali á mánuði allt árið og fullt fastagjald.

b. Árleg hámarksfjárskuldbinding er 1.016.681.103 kr.-. Árleg heildarfjárskuldbinding miðast við 100% daggjald fyrir 300 einstaklinga í þjónustu allt árið og fullt fastagjald á tímabilinu.

c. Lágmarksfjárskuldbinding VMST á samningstímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027 er 1.402.818.349 kr.-.

Lágmarksfjárskuldbinding miðast við 65% af daggjaldi fyrir 150 einstaklinga í þjónustu með húsnæði að meðaltali á mánuði árlega og fullt fastagjald á tímabilinu.

d. Hámarksfjárskuldbinding VMST á samningstímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027 er 3.050.043.309 kr.-. Hámarks heildarfjárskuldbinding miðast við 100% daggjald fyrir 300 einstaklinga í þjónustu allan samningstímann og fullt fastagjald á tímabilinu.

Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins takmarkast við hámarksfjárskuldbindingu.

### ***Daggjald með húsnæðiskostnaði***

Daggjald fyrir umsækjanda tekur mið af ákvæðum 25. til 29. gr. reglugerðarinnar og áætluðum meðaltalskostnaði vegna umsækjenda í þjónustu.

Í daggjaldi er innifalið:

- a. Kostnaður við húsnæði og rekstur þess miðað við sólarhringsdvöl, sbr. 7. gr. og a-lið 9. gr. samnings þessa.
- b. Fæði umsækjanda, þar sem við á, sbr. b-lið 8. gr. samnings þessa.
- c. Framfærslufé og fæðispeningar umsækjanda miðað við sólarhringsdvöl, sbr. b- og c-lið 8. gr. samnings þessa.
- d. Skólavist fyrir börn samkvæmt 27. gr. reglugerðarinnar, sbr. e-lið 8. gr. samnings þessa.
- e. Aðgengi að almenningsamgöngum, sbr. f-lið 8. gr. samnings þessa.
- f. Nauðsynleg tólkaþjónusta, sbr. g-lið 8. gr. samnings þessa.
- g. Önnur umsamin þjónusta samkvæmt samningi þessum og viðaukum við hann auk þjónustu sem þjónustuaðili telur eftir atvikum nauðsynlegt, mikilvægt eða æskilegt að veita.

### ***Daggjald án húsnæðiskostnaðar***

Daggjald fyrir umsækjanda tekur mið af ákvæðum 25. til 29. gr. reglugerðarinnar og áætluðum meðaltalskostnaði vegna umsækjenda í þjónustu.

Í daggjaldi er innifalið:

- a. Fæði umsækjanda, þar sem við á, sbr. b-lið 8. gr. samnings þessa.
- b. Framfærslufé og fæðispeningar umsækjanda miðað við sólarhringsdvöl, sbr. b- og c-lið 8. gr. samnings þessa.
- c. Skólavist fyrir börn samkvæmt 27. gr. reglugerðarinnar, sbr. e-lið 8. gr. samnings þessa.

- d. Aðgengi að almenningssamgöngum, sbr. f-lið 8. gr. samnings þessa.
- e. Nauðsynleg túlkþjónusta, sbr. g-lið 8. gr. samnings þessa.
- f. Önnur umsamin þjónusta samkvæmt samningi þessum og viðaukum við hann auk þjónustu sem þjónustuaðili telur eftir atvikum nauðsynlegt, mikilvægt eða æskilegt að veita.

### ***Fastagjald***

Fastagjaldi er ætlað að standa straum af launa-og rekstrarkostnaði.

Í fastagjaldi er innifalið:

- a. Fastur launakostnaður vegna þriggja stöðugilda hjá þjónustuaðila.
- b. Rekstur þjónustuaðila vegna verkefnisins, svo sem leiga á húsnæði fyrir starfsfólk og kostnaður við starfsaðstöður.
- c. Kostnaður við fræðslu og leiðbeiningar um þjónustu við umsækjendur til starfsfólks þjónustuaðila.
- d. Kostnaður vegna umsýslu þjónustuaðila vegna samnings þessa m.a. vegna skráningu barna í skóla, greiðslu framfærslu til umsækjenda, gerð reikninga og önnur umsýsla sem til fellur hjá þjónustuaðila.

Greiðslur samkvæmt samningnum eru greiddar fyrir hvern almanaksmánuð og á grundvelli rafræns reiknings frá þjónustuaðila. Á mánaðarlegum reikningi þjónustuaðila þarf annars vegar að koma fram heildarfjárhæð daggjaldsins og fjöldi dvalardaga umsækjenda í þjónustu sveitarfélagsins og hins vegar upphæð mánaðarlegs fastagjalds. Með hverjum reikningi verður að fylgja yfirlit yfir umsækjendur sem þjónustuaðili hefur í sinni umsjá í hverjum almanaksmánuði og fjöldi dvalardaga hvers og eins. VMST greiðir ekki fyrir þjónustu vegna umsækjenda sem hafa fengið stöðu á Íslandi umfram það sem leiðir af reglugerð um útlendinga. Þjónustuaðili tryggir að unnt sé að aðgreina fastan og breytilegan kostnað í bókhaldi.

### **5. gr.**

#### **Hlutverk og ábyrgð VMST**

VMST hefur eftirlit með nýtingu fjármuna og framkvæmd þjónustuaðila á samningi þessum. VMST veitir þjónustuaðila þær persónuupplýsingar sem þarf til að geta sinnt ábyrgð sinni samkvæmt samningi. Til að geta veitt umsamda þjónustu þarf þjónustuaðili að fá upplýsingar um nafn, fæðingardag og ríkisfang umsækjanda ásamt mynd sem og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegt kann að vera að veita þjónustuaðila vegna þeirrar þjónustu sem samið er um t.d. tungumálakunnáttu eða upplýsingar um sérþarfir umsækjanda.

Áður en ákvörðun er tekin um það hvaða umsækjendur skuli njóta þjónustu skv. samningi þessum skulu samningsaðilar eiga samráð sín á milli þar um. VMST tilkynnir þjónustuaðila með skriflegum hætti um upphaf og lok þjónustu hvers umsækjanda. Heimilt er að senda tilkynninguna rafrænt ef fyllsta öryggis er gætt og í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Með tilkynningu VMST um upphaf þjónustu skulu fylgja persónuupplýsingar um umsækjandann, tungumálakunnáttu hans og sérþarfir ef einhverjar eru til að tryggja að þjónustuaðili geti veitt fullnægjandi þjónustu í samræmi við samninginn.

VMST greiðir heilbrigðiskostnað sem ekki er innifalinn í framfærslufé umsækjanda skv. d-lið 8. gr. samnings þessa, sbr. 26. gr. reglugerðarinnar.

### **6. gr.**

## **Hlutverk og ábyrgð þjónustuaðila**

Í samningnum er mælt fyrir um lágmarksþjónustu sem á að veita umsækjendum. Þjónustuaðili tryggir að þjónusta sé veitt á grundvelli samningsins, við aukum við hann og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eftir því sem við á. Þjónustuaðili gætir ekki hagsmuna umsækjanda gagnvart stjórnvöldum vegna meðferðar umsóknar um alþjóðlega vernd. Þjónustuaðili tryggir að farið sé að markmiðum samnings þessa og ber ábyrgð á að starfsfólk hans sé hæft til að sinna þjónustuskilyldum. Þjónustuaðili ber ábyrgð á að fjöldi starfsfólks hans sé nægur til að uppfylla öll skilyrði samnings og viðauka við hann.

Þjónustuaðili gætir þess í störfum sínum að sýna umsækjendum virðingu og kurteisi og tekur tillit til þess að þeir geta verið í viðkvæmri stöðu.

Þjónustuaðili tekur við þeim umsækjendum sem VMST ákveður að skuli njóta þjónustu á grundvelli samningsins. Þjónusta er veitt þar til VMST tilkynnir að viðkomandi skuli ekki lengur njóta hennar.

Þjónustuaðila er óheimilt að framselja verkefni sín samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila nema með samþykki Vinnumálastofnunar.

Þjónustuaðili tilkynnir tengilið hjá VMST samkvæmt 2. mgr. 1. gr. skriflega um vandamál sem kunna að koma upp varðandi þjónustu við umsækjanda, s.s. kvartanir hans eða annarra eða brot á lögum eða reglum, þ.m.t. umgengisreglum í húsnæði. Öll lögbrot skal tilkynna lögreglu tafarlaust. Komi upp vafamál um veitingu þjónustu skal þjónustuaðili hafa samráð við tengilið hjá VMST.

### **7. gr.**

#### **Kröfur til húsnæðis og ábyrgð samningsaðila**

Þjónustuaðili sér umsækjendum fyrir samþykktu íbúðarhúsnæði eða herbergi í húsnæði sem fullnægir lágmarkskröfum til gistiheimila, hjúkrunarheimila eða meðferðarheimila ásamt húsbúnaði. Til húsbúnaðar teljast þeir munir sem nauðsynlegir eru til að halda látlaust heimili. Heimilt er að samnýta húsnæði fyrir fleiri en einn umsækjanda. Stærð húsnæðis skal taka mið af fjölskyldugerð, aðstæðum umsækjanda og sérstakt tillit skal tekið til þarfa kvenna og barna. Að öðru leyti skal húsnæði vera í samræmi við viðauka I.

Nýti umsækjandi sér ekki búsetuúrræði samkvæmt samningnum skal þjónustuaðili tilkynna VMST það skriflega svo fljótt sem verða má.

Áður en þjónustuaðili tekur í notkun nýtt húsnæði skal þjónustuaðili láta framkvæma ástandsskoðun á húsnæðinu til að tryggja að ástand húsnæðisins liggja fyrir við töku þess á leigu.

Þjónustuaðili fylgist með þrifum og umgengni í húsnæði og leggur til efni og tæki til ræstingar á húsnæðinu við komu umsækjanda en í framhaldinu sér umsækjandi sjálfur um innkaup á hreinlætisvörum.

Þjónustuaðili fer reglulega yfir húsnæði með tilliti til þess hvort þar sé að finna óværu sem kallar á aðkomu meindýraeyða. Verði vart við óværu sem kallar á aðgerðir skal þjónustuaðili strax bregðast við og hafa samband við tengilið hjá VMST.

Þjónustuaðili fer reglulega yfir húsnæði með tilliti til hvort þörf sé á viðhaldi og skal sjá til þess að húsnæði sem umsækjendur dveljast í sé vel viðhaldið.

Dvelji 50 eða fleiri umsækjendur í sömu byggingu hjá þjónustuaðila skal þjónustuaðili tryggja viðveru starfsmanns eða umsjónarmanns fasteignar til að hafa eftirlit með umgengni í húsnæðinu og vera íbúum þess innan handar vegna mála sem kunna að koma upp s.s. eldsvoða, veikinda eða sambærilegra neyðartilfella. Í slíku húsnæði sinnir enn fremur þjónustuaðili ræstingu á sameign a.m.k. tvisvar í viku.

VMST bætir að jafnaði það tjón sem verður á húsnæði sem nýtt er í þjónustuna, ef tjónið má rekja til ásetnings eða gáleysis umsækjanda og skemmdir teljast verulegar og tjónsupphæð fer framúr því sem fæst bætt með tryggingum. Þjónustuaðili skal sjá til þess að takmarka tjón sitt með kaupum á viðunandi ábyrgðartryggingum. Með verulegum skemmdum er t.d. átt við brotnar rúður, meiriháttar veggjakrot eða brotnar hurðar.

## **8. gr. – VMST sér um húsnæði Eftirlit með húsnæðis og ábyrgð samningsaðila**

Þjónustuaðili þjónustar þá umsækjendur sem dvelja í eftirfarandi húsnæði/um; XX. Heildarfjöldi umsækjenda sem getur dvalist í framangreindum húsnæðum er ákvarðaður af VMST og þjónustuaðila ber að leitast við eftir fremsta megni að nýta húsnæðis til fulls.

VMST ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri húsnæðisins í samræmi við leigusamning við húseiganda. VMST útvegar húsbúnað í samræmi við viðauka I inn í húsnæði. Þjónustuaðila er óheimilt án samþykkis VMST að heimila umsækjendum að setja önnur húsgögn inn í húsnæðið.

Þjónustuaðili fylgist með þrifum og umgengni í húsnæði og leggur til efni og tæki til ræstingar á húsnæðinu við komu umsækjanda en í framhaldinu sér umsækjandi sjálfur um innkaup á hreinlætisvörum.

Þjónustuaðili fer reglulega yfir húsnæði með tilliti til þess hvort þar sé að finna óværu sem kallar á aðkomu meindýraeyða. Verði vart við óværu sem kallar á aðgerðir skal þjónustuaðili strax bregðast við og hafa samband við tengilið hjá VMST.

Þjónustuaðili skal láta VMST vita ef hann verður var við að þörf sé á viðhaldi á húsnæðinu, slíkt skal gert í gegnum beiðnakerfi VMST.

VMST hefur heimild til að fara inn í húsnæði hvenær sem er á dagvinnutíma til þess að fylgjast með ástandi húsnæðisins, lesa af mælum, meta viðhaldsþörf og annað sem kann að vera nauðsynlegt vegna rekstrar húsnæðisins. Komi til þess að þurfi að fara í stærri viðhald á húsnæðinu skal VMST upplýsa þjónustuaðila um það áður en framkvæmdir hefjast. Þurfi leigusali að fá aðgengi að húsnæðinu skal VMST upplýsa þjónustuaðila um slíkt fyrir fram.

## **9. gr.**

### **Réttindi umsækjanda, inntak þjónustu og kröfur til þjónustuþátta**

#### **A. Húsnæði**

Umsækjandi á rétt á því húsnæði sem VMST í samstarfi við þjónustuaðila úthlutar þeim sér að kostnaðarlausu. Kjósi umsækjandi að búa í öðru húsnæði ber hann sjálfur kostnað af því.

Umsækjandi sem fær útgefið bráðabirgða dvalar- og atvinnuleyfi glatar hann rétti til húsnæðis fjórum vikum eftir útgáfu leyfisins. Sé umsækjandi fyrirvinna fjölskyldu og launagreiðslur nægja ekki til framfærslu allrar fjölskyldunnar er heimilt í samráði við VMST að fjölskyldan búi áfram í húsnæði þjónustuaðila. Að öðru leyti skal fara eftir 25. gr. reglugerðarinnar við ákvarðanatöku um húsnæði.

#### **B. Fæði**

Þjónustuaðili sér um greiðslur til umsækjanda samkvæmt 25. reglugerðarinnar á meðan hann nýtir þjónustu. Umsækjandi sér sjálfur um innkaup og matseld. Til fæðispeninga heyra matvörur, hreinlætisvörur, ólyfseðilsskyld lyf, vítamín o.fl.



Umsækjandi sem fær bráðabirgða dvalar- og atvinnuleyfi sér um eigin framfærslu og fer úr þjónustu fjórum vikum frá útgáfu leyfisins samkvæmt ákvörðun VMST. Sé umsækjandi fyrirvinna fjölskyldu og launagreiðslur nægja ekki til framfærslu allrar fjölskyldunnar er heimilt í samráði við VMST að fjölskyldan búi áfram í húsnæði þjónustuaðila en fæðispeningar og framfærslufé allrar fjölskyldunnar fellur niður fjórum vikum frá útgáfu leyfisins.

Að öðru leyti skal fara eftir 25. gr. reglugerðarinnar við ákvarðanatöku um fæði og fæðispeninga.

### **C. Framfærslufé**

Þjónustuaðili sér um greiðslur framfærslu til umsækjanda samkvæmt 29. reglugerðarinnar á meðan hann nýtir þjónustu. Þjónustuaðili skal skerða greiðslu á framfærslufé samkvæmt skriflegum fyrirmælum frá VMST eða í samræmi verklag sem sett hefur verið vegna greiðslu á framfærslufé.

Umsækjandi sem fær bráðabirgða dvalar- og atvinnuleyfi sér um eigin framfærslu og fer úr þjónustu fjórum vikum frá útgáfu leyfisins samkvæmt ákvörðun VMST. Sé umsækjandi fyrirvinna fjölskyldu og launagreiðslur nægja ekki til framfærslu allrar fjölskyldunnar er heimilt í samráði við VMST að fjölskyldan búi áfram í húsnæði þjónustuaðila en fæðispeningar og framfærslufé allrar fjölskyldunnar fellur niður fjórum vikum frá útgáfu leyfisins.

Sé framfærslufé umsækjanda skert vegna brota á reglugerð um útlendinga eða vegna á brota á umgengisreglum skal þjónustuaðili tilkynna umsækjanda um þá ákvörðun.

### **D. Heilbrigðisþjónusta, hjálpartæki og lyfjakostnaður**

Um heilbrigðisþjónustu við umsækjendur fer samkvæmt 26. gr. reglugerðarinnar.

VMST sér um fyrstu læknisskoðun við komu umsækjanda til landsins, sbr. 25. gr. útlendingalaga.

Þjónustuaðili sér um samskipti við heilbrigðisyfirvöld fyrir hönd umsækjenda og sendir beiðnir og sér um tímabantanir sé þörf á heilbrigðisþjónustu. Þjónustuaðili sendir beiðnir á apótek vegna lyfseðla sem útgefnir eru af læknum.

Þjónustuaðila er óheimilt að vísa umsækjanda í heilbrigðisþjónustu, samþykkja kaup á hjálpartækjum eða lyfjum þar sem kostnaður er yfir 50.000 kr. Tilfelli þar sem kostnaður er yfir framangreindri fjárhæð skulu ákvörðuð af VMST. Þjónustuaðila ber að senda slík mál skriflega til afgreiðslu hjá VMST í samræmi við verklag VMST þar að lútandi.

Reikningar vegna heilbrigðisþjónustu og lyfjakostnaðar skulu viðkomandi heilbrigðisyfirvöld og apótek senda rafrænan reikning til VMST ásamt afriti af beiðni þjónustuaðila, sbr. 3. mgr.

### **E. Skólaþjónusta**

Umsækjendur sem eru á grunnskólaaldri eiga rétt til skólagöngu í grunnskóla í sveitarfélagi þjónustuaðila. Skólaganga skal hefjast að jafnaði innan fjögurra vikna frá því að umsókn barns barst Útlendingastofnun og eigi síðar en 12 vikum umsóknardegi, sbr. 27. gr. reglugerðarinnar.

Með skólagöngu í grunnskólum er vísað í almenna kennslu, 30 ÍSAT kennslustundir á mánuði og skólamats fyrir börn í grunnskólum hjá þjónustuaðila.

Ef barn þarf mikinn stuðning til náms eða hefur miklar sérþarfir skal þjónustuaðili senda tilkynningu þess efnis til VMST. Samráð skal fara fram milli þjónustuaðila og VMST um hvernig mæta megi þeirri viðbótar þörf og skal gera sérstakt samkomulag þess efnis hverju sinni fyrir hvert barn. Það eitt að barn tali annað móðurmál en íslenska telst ekki til mikils stuðnings eða mikilla sérþarfa skv. ákvæði þessu.

## **F. Samgöngur**

Þjónustuaðili tryggir umsækjendum gjaldfrjálsan aðgang að almenningssamgöngum til að komast í þjónustu samkvæmt samningi, viðtöl hjá Útlendingastofnun vegna umsóknar sinnar eða aðra þjónustu sem talin er nauðsynleg að mati VMST eða þjónustuaðila, sbr. 28. gr. reglugerðarinnar.

## **G. Túlkaþjónusta**

Þjónustuaðili tryggir að umsækjendur fái þjónustu túlks eftir því sem þörf er á. Þjónustuaðili metur þörfina og er heimilt að nýta fjarskiptatækni, svo sem síma eða myndsíma við túlkun. Þjónustuaðili tryggir að börn umsækjenda séu ekki túlkar.

## **H. Startpakkar**

VMST skaffar hverjum umsækjanda startpakka við komuna til landsins sem þeir taka með sér þegar þeir fara í þjónustu þjónustuaðila. Þjónustuaðili skal fylla á startpakka umsækjanda komi til þess að eitthvað vanti af því sem var í startpakkanum meðan umsækjandi er í þjónustu þjónustuaðila. Sjá innihald startpakka í viðauka II. Verði breyting á innihaldi startpakka skal VMST upplýsa þjónustuaðila um það.

Nýbakaðar mæður og nýfædd börn fá fæðingarstartpakka sem VMST skaffar. Þjónustuaðili skal sjá um afhendingu slíkra pakka til umsækjanda í sinni þjónustu en VMST skaffar þjónustuaðila slíka pakka til afhendingar. Innihald slíks pakka er ákvarðaður af hjúkrunarvakt VMST, sjá innihald slíks pakka við undirritun þessa samnings í viðauka II. Hjúkrunarvakt VMST hefur heimild einhliða til að breyta innihaldi slíkra pakka..

## **10. gr.**

### **Ráðgjöf, félagslegur stuðningur og virkniúrræði**

Þjónustuaðili býður umsækjendum upp á reglubundna viðtalstíma þar sem veitt er félagsleg ráðgjöf og stuðningur með hliðsjón af lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þjónustuaðili leitast við að gefa umsækjendum tækifæri til að kynnast íbúum og staðháttum í sveitarfélaginu og að þeir geti aflað sér þekkingar á íslensku samfélagi meðan á málsmeðferð stendur, m.a. með því að upplýsa þá um afþreyingu sem stendur til boða í nærsamfélaginu.

Þjónustuaðili tryggir umsækjendum internetaðgang.

## **11. gr.**

### **Samstarf og samráðsvettvangur**

Samningsaðilar hittast ársfjórðungslega til að fara yfir framgang verkefnisins, fjölda umsækjenda í þjónustu, framkvæmd þjónustu og nýtingu fjármuna. Samningsaðilar geta óskað eftir fundum til að fjalla er um einstök mál varðandi samninginn og þjónustuna á samningstímabilinu. VMST heldur árlega fund með öllum þjónustuaðilum í málefnum umsækjenda þar sem farið er yfir samstarf og þróun í málaflokknum. Þjónustuaðili tekur þátt í fundinum á gildistíma samningsins.

Tengiliður VMST vegna þjónustu þjónustuaðila samkvæmt samningi þessum er: Arnór Heiðarsson. Tengiliður VMST vegna húsnæðis samkvæmt samningi þessum er: Steinar Andri Einarsson. Tengiliður/ir þjónustuaðila vegna samnings þessa er/u:

## **12. gr.**

## **Persónuvernd**

Samningsaðilar skulu bundnir af öllum viðeigandi lagaákvæðum sem varða meðferð persónuupplýsinga, s.s. lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016.

Að öðru leyti vísast til samkomulags aðila um sameiginlega ábyrgð, sem er fylgiskjal með samningnum hvað varðar persónuvernd.

### **13. gr.**

#### **Meðferð ágreinings, vanefndir og riftun**

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samningsins skulu samningsaðilar leitast við að leysa slík mál sín á milli án atbeina dómstóla. Séu vanefndir samningsaðila verulegar eða ekki næst að leysa úr ágreiningi er heimilt að rifta samningnum með þriggja mánaða fyrirvara.

Mál vegna samnings þessa skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### **14. gr.**

#### **Breytingar á samningi**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila. Verði breytingar á gildandi lögum, reglugerðum eða fyrirkomulagi er varða þjónustu við umsækjendur skal samningur þessi og viðaukar við hann endurskoðaðir svo fljótt sem verða má. Hafi breytingarnar áhrif á kostnað þjónustuaðila verða fjárframlög samkvæmt samningnum endurskoðuð í samræmi við breyttan kostnað.

Verði breytingar á fjárframlögum samkvæmt samningi þessum á grundvelli ákvörðunar Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum eða á grundvelli þess að stjórnvöld þurfi að gera breytingar á fjárframlögum vegna aðstæðna í ríkisfjármálum þá skal samningurinn endurskoðaður m.t.t. skerðingar á þjónustu þjónustuaðila á grundvelli skertra fjárframlaga.

### **15. gr.**

#### **Force majeure**

Komi upp óviðráðanleg ytri atvik (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

### **16. gr.**

#### **Uppsögn**

Hvorum samningsaðila er heimil uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara.

Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst.

### **17. gr.**

#### **Gildistími og endurskoðunarákvæði**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027. Heimilt er að framlengja samninginn tvisvar sinnum til eins árs í senn. Þremur mánuðum fyrir samningslok skal liggja fyrir úttekt á samningnum og hvort samið verður um framhald þjónustunnar.

Reykjavík, X YYY 2024

f.h. sveitarfélags

f.h. Vinnumálastofnunar

---

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

---

Unnur Sverrisdóttir

## Viðauki I - Lágmarks húsbúnaður í úrræðum á vegum sveitarfélaga

Í viðauka þessum er að finna kröfur um lágmarksaðbúnað í húsnæði sem sveitarfélag nýtir vegna þjónustu þeirra við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Í þeim tilfellum þegar umsækjandi kemur með hluti frá Vinnumálastofnun skal sveitarfélag skaffa umsækjanda þann hlut glati umsækjandi honum.

Rými / búnaður	Sveitarfélag skal skaffa	Taka með frá VMST til sveitarfélags
<b>Eldhús</b>		
Eldhúsborð	X	
Eldavél	X	
Stólar / barnastólar ef við á	X	
Diskar	X	X
Skálar	X	X
Glös	X	X
Hnífapör	X	X
Eldunaráhöld	X	X
Pottur	X	X
Panna	X	X
Viskastykki og tuskur	X	
<b>Stofa</b>		
Sófasett	Í sameiginlegu rými	
Sófaborð	Í sameiginlegu rými	
<b>Svefnherbergi (pr. einstakling)</b>		
Fataskápur	X	
Borð og stólar	X	
Rúm / barnarúm ef við á (má vera kója)	X	
Sæng og koddí	X	X
Sængurverasett og lak	X	X
Ísskápur	X	
<b>Annað</b>		
Áhöld fyrir umsækjendur til að þrifa	Aðgengilegt öllum	
Ryksuga	Aðgengilegt öllum	
Þvottavél	X	
Þurrkari / þurrkgrind	X	
Sorphirða	X	

## Viðauki II – Startpakki til umsækjenda um alþjóðlega vernd

Í viðauka þessum er að finna upplisstun á innihaldi, a) startpakka og b) mæðra- og nýburapakka sem Vinnumálastofnun útvegar umsækjendum um alþjóðlega vernd í þjónustu stofnunarinnar.

Viðaukinn er birtur með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar og/eða viðbætur við lágmarksbúnað.

a).

<b>Startpakki</b>
Sæng og koddi
Lak
Koddaver
Handklæði
Diskar
Skálar
Glös
Hnífapör
Sápa
Tannburstar
Tannkrem
Pottar og pönnur

b).

<b>Fæðingarstartpakki</b>
Libero 1 Touch nýburableiur 2-5kg 22stk
Taubleiur 70x70cm 3stk
Dömubindi Libresse Goodnight 10stk
TENA Fix netbuxur XL 5stk
TENA Discreet Extra 10stk
TENA Bed Plus 40x60cm 3stk
Mesoft grisjur 10x10cm 200stk
Lansinoh brjóstaáburður 40 ml
Lansinoh lekaflífar einnota 24 stk
Purell handspritt gel 100ml.

### Aukalega skaffað eftir þörfum:

Bleyjur.

Dömubindi.

Stílar.



## VIÐAUKI II

### við þjónustusamning Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd

Undirrituð, Vinnumálastofnun kt. 700594-2039 og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, eru sammála um að gera breytingar á gildandi þjónustusamningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á grundvelli 1. mgr. 14. gr. samningsins þannig að hann gildi til 31. desember 2024 þegar fyrirhugað er að nýr samningur milli aðila taki gildi. Samningurinn var upphaflega gerður milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar en Vinnumálastofnun tók yfir réttindi og skyldur Útlendingastofnunar samkvæmt samningnum frá og með 1. júlí 2022.

Gildandi samningur rann út 31. maí 2024 samkvæmt viðauka við samninginn.

17. gr. samningsins er fjallar um gildistíma og endurskoðun er því nú breytt þannig að samningurinn gildi frá 1. apríl 2021 - 31. desember 2024, ella þar til nýr samningur hefur verið undirritaður. Síðari málsliður 17. gr. helst óbreyttur.

Viðaukinn tekur gildi við undirritun með fyrirvara um samþykkt borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Reykjavík xxxx desember 2024

---

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Vinnumálastofnunar